

Ávarp rektors við afhendingu heiðursdoktorsnafnbóta við Lagadeild

Forseti Félagsvísindasviðs, deildarforseti Lagadeildar, heiðursdoktorsefni, góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbóta við Lagadeild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við tvo íslenska lögfræðinga, þá Stefán Má Stefánsson og Þorgeir Örlygsson. Hljóta þeir heiðursdoktorsnafnbót fyrir framlag sitt til íslenskrar lögfræði í víðum skilningi, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót á tvennum forsendum. Annars vegar er um að ræða doktorsnafnbót að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar doktorsnafnbót í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar vitnar um er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi Háskólans. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen, fyrsti rektor Háskóla Íslands, en honum hlotnaðist sá heiður árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 einstaklingar verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson skuli nú bætast í þennan glæsta hóp.

Stefán Már Stefánsson hefur átt langan og farsælan starfsferil, sem borgardómari, fræðimaður og prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands. Kennslu- og rannsóknasvið hans hafa verið á sviði réttarfars, bæði einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars og sakamálaréttarfars, Evrópuréttar, félagaréttar og skattaréttar eins og fræðirit, bókarkaflar og tímaritsgreinar hans bera vitni um. Auk starfa Stefáns Márs innan Háskóla Íslands hefur hann gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum utan Háskólans, m.a. verið formaður og síðar nefndarmaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála, varadómari við EFTA-dómstólinn, nefndarmaður í réttarfarsnefnd, auk þess að vera varadómari við Hæstarétt Íslands um árabil. Hann hefur verið brautryðjandi í rannsóknum á sviði Evrópuréttar hér á landi, en einnig tekið virkan þátt í norrænu samstarfi á fræðasviðum sínum um langt skeið. Stefán Már hefur skrifað fjölda álitsgerða og frumvarpa sem orðið hafa að lögum og lagt sig fram um að sinna fræðslu fyrir almenning um lögfræðileg efni. Hann er án efa sá prófessor við Lagadeild sem hefur haft hvað mest áhrif á starfsemi deildarinnar og íslenska lögfræði. Stefán Már hefur allan sinn starfsferil haft mikinn metnað fyrir hönd Háskóla Íslands og Lagadeildar og sýnt það í verki, m.a. með því að efla tengsl Lagadeildar við erlenda rannsakendur, sem og íslenskt samfélag. Það er því einkar vel við hæfi að Stefán Már Stefánsson verði heiðursdoktor við Lagadeild Háskóla Íslands til viðurkenningar á farsælum störfum hans.

Þorgeir Örlygsson hefur átt langan og farsælan starfsferil, sem er einstakur að því leyti að hann hefur gegnt æðstu störfum innan framkvæmdavalds og dómsvalds, bæði hér á landi og við alþjóðlegan dómstól. Hann var dósent og prófessor við Lagadeild, ráðuneytisstjóri í þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Þorgeir var hæstaréttardómari og forseti réttarins um árabil. Auk trúnaðarstarfa innan Háskóla Íslands um árabil þar sem hann er t.a.m. núverandi formaður siðanefndar skólans hefur hann m.a. sinnt formennsku í hæfnisnefndum og ýmsum stjórnsýslunefndum, auk gerðardóma. Kennslu- og rannsóknarsvið hans hafa einkum verið á sviði kröfuréttar, veðréttar, eignaréttar, alþjóðlegs einkamálaréttar og EES-réttar. Þorgeir hefur allan sinn starfsferil verið virkur í rannsóknum, samið fjölda lagafrumvarpa er tengjast fyrrnefndum sviðum og nefna má að nýleg fræðirit hans, auk annarra, sem byggð eru á grundvallarrannsóknum hans á sviði kröfuréttar og eignaréttar, eru grundvöllur kennslu og fræðistarfa á þessum sviðum við íslenska háskóla. Fela þær í sér mikilsvert framlag til rannsókna á íslenskri lögfræði, einkum fjármunaréttar og eignaréttar. Þá hefur Þorgeir allan sinn starfsferil lagt sig fram við að sinna íslensku samfélagi og efla tengsl Lagadeildar við íslenskt samfélag. Það er því einkar vel við hæfi að Þorgeir Örlygsson verði heiðursdoktor við Lagadeild Háskóla Íslands til viðurkenningar á farsælum störfum sínum.

Nú býð ég Hrefnu Friðriksdóttur, forseta Lagadeildar, að taka til máls.